

Íslensk Orkuvirkjun
Birkir Þór Guðmundsson
Ármúla 5
108 Reykjavík

2005090053
3710; 9310

Reykjavík, 24. október 2005
/--

Efni: 580 kW virkjun í landi Gríshóls í Helgafellssveit - Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Grís-afls dags. 15. september 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um virkjun í landi Gríshóls, Helgafellssveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Helgafellssveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Helgafellssveit með bréfi dags. 5. október 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. september 2005, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 13. október 2005, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 11. október 2005, Orkustofnun með bréfi dags. 26. september 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. október 2005 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 29. september 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Íslenski Orkuvirkjun f.h. framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 12. október 2005 og tölvupósti dags. 17. október.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Um er að ræða rennslisvirkjun í landi Gríshóls í Helgafellssveit. Stöðvarhús verður staðsett við Bakkaá en þar er áætlað að nýta rennsli úr lindum frá Giljaá, Lindá og Drangá allt að 300 l/sek, en heildarrennsli við stöðvarhús er um 500 l/sek, og er áætlað afl virkjunarinnar um 580 kW. Umframvatn mun renna áfram í náttúrulegum farvegum. Lindárnar verða stíflaðar með steinsteypum veggjum sem verða samtals um 30 m að lengd. Niðurgrafinni að rennslispípu verður komið fyrir við inntak ána og liggur hún úr 350 m y.s frá inntaki Giljaár rúmlega 2 km leið að stöðvarhúsi við Bakkaá í um 114 m y.s. með viðkomu í inntaki Lindár og Drangár. Gert er ráð fyrir að samanlögð stærð tjarna við inntökin verði um 150 m² og verða þær hafðar nægjanlega stórar þannig að tryggja megi frostfrítt rennsli um inntökin. Stöðvarhús verður allt að 90 m² og að hámarki 8m hátt yfir gólfleti. Lagður verður um 1120 m langur aðkomuvegur að stöðvarhúsi frá gamla þjóðveginum. Að auki verða lagðir slóðar frá stöðvarhúsi meðfram

aðrennslisþípu að inntökum og milli inntaksmannvirkja alls um 2200 m. Áætluð efnistaka er 2000 m³ og verður efni tekið úr efnisnámum í landi Gríshóls. Að efnistöku lokinni verða námur jafnaðar út og græddar upp.

Umhverfisáhrif

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er að miklu leyti stuðst við úttekt Náttúrustofu Vesturlands hvað varðar möguleg umhverfisáhrif framkvæmdanna. Þar kemur fram að helstu sérkenni svæðisins felist í fallegu gili eða gljúfri ofan stöðvarhúss og lindunum sjálfum efst á virkjanasvæðinu. Jafnframt er þess getið að gílinu verði lítið raskað en vatnsrennslu um það mun minnka verulega. Stíflur sem byggðar verða neðan lindanna mun breyta ásýnd þeirra nokkuð. Tekið er fram að ef frágangur svæðisins að framkvæmd lokinni verður vandaður og ef tekst að hemja uppblástur í kjölfarið er ekki fyrirsjáanlegt að umtalsverð óafturkræf umhverfisspjöll verði á svæðinu.

Í athugun Veidimálastofnunar á fiskgengd í lindunum kemur fram að fiskar nýta ekki svæðið ofan við gljúfrið vegna gönguhindrunar neðst í gljúfrinu. Stærstur hluti svæðisins sem verður fyrir áhrifum er því ófiskgengur og virkjun á svæðinu mun því hafa mjög lítil áhrif á fiskframleiðslu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé álit þeirra sem að virkjuninni standa að ekki sé um að ræða framkvæmd sem af hljótist umtalsverð umhverfisáhrif. Um sé að ræða smávirksjun sem muni valda óverulegum áhrifum. Stöðvarhúsið verði látlaus og einföld bygging, allar lagnir niðurgrafnar og stíflumannvirki minniháttar framkvæmd. Eins er tekið fram að áhrif á gróðurfar og dýralíf verði að teljast óveruleg og að auki muni framkvæmdasvæðið endurheimta að stórum hluta sitt fyrra útlit og gæði að framkvæmdum loknum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í áliti allra umsagnaraðila kemur fram að ekki sé talið líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum

Efnistaka

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að efnismagn í vegagerð verði um 2000 m³ og verði það efni tekið úr melum við framkvæmdasvæðið, en ekki komi fram hvar né hvernig gengið verði frá þeim svæðum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að ekki sé sýnt á afstöðumynd hvar malarnám fari fram

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæði sé merkt inn á skipulagsuppdrátt. Þar sem uppdrátturinn er minnkaður umtalsvert sem fylgiskjal með innsendum gögnum er ekki auðvelt að greina merkinguna og er beðist velvirðingar á því og úr því bætt með frekari gögnum.

Í svörum framkvæmdaraðila er einnig vísað í innsenda greinargerð þar sem fram kemur að efni verði tekið úr efnisnámum í landi Gríshóls og að efnistöku lokinni verði námur jafnaðar út og græddar upp. Að auki kemur fram að Vegagerðin hafi áður tekið efni úr þessari námu.

Frágangur

Í umsögn sinni vísar Umhverfisstofnun í greinargerð Náttúrustofu Vesturlands þar sem settar eru fram tillögur um hvernig megi draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þar kemur

eftirfarandi fram:

"a) Þótt sennilega verði litlar skemmdir á gróðurlendi er ákveðin hætta á uppblæstri í kjölfar framkvæmda...mikilvægt er að vel verði gengið frá vegslóða, öllum skurðum og námum.

b) Mikilvægt er að stíflur verði látnar falla eins vel og kostur er að umhverfinu og að hæð þeirra verði sem minnst. Einnig að gengið verði vel frá skurðum fyrir tengirör milli árfarveganna.

c) Aðrennslisrör og slóði munu liggja yfir lítið gil á leið sinni niður að stöðvarhúsi. Þetta er fallegur staður, svo mikilvægt er að vanda sérstaklega allan frágang á því svæði."

Umhverfisstofnun tekur í umsögn sinni undir þessar ábendingar Náttúrustofunnar og ítrekar mikilvægi þess að farið verði eftir þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann sé meðvitaður um mikilvægi þess að umgengni verði góð um svæðið og mun fylgja ábendingum Náttúrustofu Vesturlands.

Vatnsból

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir einnig á það í umsögn sinni að ekki komi fram hvar vatnsból Gríshóls er að finna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að neysluvatnsból fyrir Gríshól sé staðsett í nágrenni bæjarhúsa og ekki sé mengunarhætta vegna framkvæmdarinnar á vatnsbólið.

Annað

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er sagt að ekki komi fram í gögnum framkvæmdaraðila hvort hættuleg efni s.s. olía eða rafgeymar verði í stöðvarhúsinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í stöðvarhúsi virkjunarinnar verði olíukerfi til stjórnunar á vélbúnaði og einnig verði aflspennir við stöðina og að þeir séu oftast olífylltir. Einnig kemur fram að hvað varði aðgerðir vegna yfirvofandi hættu á olíumengun verði farið að kröfum heilbrigðisyfirvalda.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 580 kW virkjun í landi Gríshóls í Helgafellssveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Um tiltölulega umfangslitla framkvæmd er að ræða þar sem nýttur verður hluti rennslis þriggja lækja eða alls um 300 l/sek og uppsett afl virkjunar verður 580 kW. Rask sem fylgja mun framkvæmdum felst í lagningu alls um 3350 m vegslóða, niðurgreftri afrennslispípu alls um 2230 m vegalengd, byggingu stöðvarhúss og gerð um 150 m² inntakslóna þar sem steyptir veggir verða alls um 30 m að lengd. Helstu sérkenni svæðisins felast í fallegu gili ofan stöðvarhúss og lindunum sjálfum efst á virkjanasvæðinu. Þar sem um rennslisvirkjun er að ræða verður lindunum sjálfum ekki raskað en stíflurnar sem byggðar verða neðan þeirra munu breyta ásýnd þeirra nokkuð.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur það lykilatriði að frágangur svæðisins að framkvæmdum loknum verði vandaður og á þann hátt sem lýst er í skýrslu Náttúrustofu Vesturlands og bent er á hér að framan og framkvæmdaraðili tekur einnig undir í svörum sínum. Að því gefnu telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin, eins og henni er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, komi ekki til með að hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Grís-afls ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Grís-afls ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 580 kW virkjun í landi Gríshóls, Helgafellssveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Helgafellssveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og er leyfisveitingin háð því að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag. Þar sem ekki liggur fyrir aðalskipulag á svæðinu er fyrirhuguð efnistaka háð umsögn Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar skv. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Virkjunin er einnig háð virkjunarleyfi iðnaðarráðherra skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. nóvember 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Helgafellssveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Veiðimálastjóri.